

Nd.

## 51. Frumvarp til laga

[47. mál]

um niðurfellingu á opinberum gjöldum barna á árinu 1980.

Flm.: Halldór Blöndal, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

### 1. gr.

Álagður tekjuskattur, útsvar, sjúkratryggingagjald og kirkjugarðsgjald á börn, sem voru innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1979, falla niður á skattárinu 1980 og koma til endurgreiðslu, þar sem þau hafa verið greidd.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með sérsköttun hjóna hefur sú breyting verið gerð, að tekjur barna, sem eru innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, eru nú skattlagðar sérstaklega og þeim sendur álagningarseðill, að þessu sinni þegar komið var undir árslok. Í sumum tilvikum er hér um verulegar fjárhæðir að tefla og raunar nær alltaf tilfinnanlegar, ef litið er til greiðslugetu viðkomandi ungmennis, sem ekki átti von á þessari haustglaðningu. Það mun líka vera svo, að þessir álögðu skattar lenda jafnaðarlega á foreldrunum með einum eða öðrum hætti. Voru þeir þó þrautpindir áður, en ráðstöfunarfé siminnkandi eins og forsvarsmenn heimilanna hafa fengið að kenna á. Fróðlegt væri t. a. m. að fá uppgefið hjá fræðsluyfirvöldum, hversu hár innkaupareikningur 16 ára unglings hefur verið á þessum haustdögum eftir að upp hefur verið talið allt það sem honum hefur þegar verið gert að kosta til vegna skólahaldsins í vetur.

Það hlýtur að vera álitamál, hvort rétt sé að skattleggja vinnutekjur barna innan 16 ára aldurs. Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að hið opinbera eigi að minna á sig með hóflegri skattlagningu, ekki í tekjuöflunarskyni, heldur til að barnið fái tilfinningu fyrir skyldum sínum við þjóðfélagið, — að enginn geti aðeins verið þiggjandi, heldur verði menn líka að leggja eitthvað af mörkum. Forsenda þess, að þessu markmiði verði náð, er augljóslega að um staðgreiðslu verði að ræða, en skattarnir komi ekki eftir á eins og „þjófur úr heiðskíru lofti“, eins og einu sinni var sagt. Það má ekki gleymast í þessu sambandi, að börnum innan 16 ára aldurs er bannað að stofna til fjárskuldbindinga. Eftirágreiddum skatti svipar að því leyti til þeirra, að viðbúið er að fénu hafi verið eytt þegar kemur að skuldadögum.

Þau börn, sem frv. þetta tekur til, munu vera 6789 eftir þeim upplýsingum, sem flm. hafa í höndum, og þeim er gert að greiða 424 millj. kr. í skatta í ár. Álagningin er þessi:

Tekjuskattur .....	272 093 704 kr.
Útsvar .....	96 983 000 —
Sjúkratryggingagjald .....	53 350 200 —
Kirkjugarðsgjald .....	1 583 827 —

424 010 731 kr.

Álagningin var mismunandi eftir landinu. Þannig er áberandi að börn í Reykjavík vinna ekki eins mikið og jafnaldrar þeirra víðs vegar um landið, og munar þar að sjálfsögðu mest um fiskvinnu í sjávarþorpum.

Skattalagningin í einstökum skattaumdæmum er þessi:

**Vestfirðir:**

Tekjuskattur .....	27 123 000 kr.
Útsvar .....	10 469 000 —
Sjúkratr.gjald .....	5 545 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	236 000 —
	<hr/>
Samtals	43 373 000 kr.

Alls var tekjuskattur lagður á 519 einstaklinga á Vestfjörðum, en 381 greiddu útsvar. Þess ber að geta, að útsvar er ekki lagt á ef upphæð er minni en 10 þúsund krónur.

**Vesturland:**

Tekjuskattur .....	22 360 000 kr.
Útsvar .....	8 200 000 —
Sjúkratr.gjald .....	4 538 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	108 000 —
	<hr/>
Samtals	35 206 000 kr.

Alls var lagður tekjuskattur á 507 einstaklinga en útsvar á 349.

**Reykjavík:**

Tekjuskattur .....	56 008 000 kr.
Útsvar .....	17 619 000 —
Sjúkratr.gjald .....	10 187 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	405 000 —
	<hr/>
Samtals	84 219 000 kr.

Alls var lagt á 2 679 einstaklinga í Reykjavík.

**Reykjanes:**

Tekjuskattur .....	58 235 000 kr.
Útsvar .....	20 312 000 —
Sjúkratr.gjald .....	11 226 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	339 000 —
	<hr/>
Samtals	90 112 000 kr.

Í Reykjanesi var tekjuskattur lagður á 1 516 einstaklinga.

**Suðurland:**

Tekjuskattur .....	19 747 000 kr.
Útsvar .....	6 746 000 —
Sjúkratr.gjald .....	3 751 000 —
	<hr/>
Samtals	30 244 000 kr.

Kirkjugarðsgjald er lagt sérstaklega á af hálfu sveitarstjórna og innheimt af þeim. Alls greiddu 560 einstaklingar tekjuskatt á Suðurlandi.

**Vestmannaeyjar:**

Tekjuskattur .....	7 488 000 kr.
Útsvar .....	2 853 000 —
Sjúkratr.gjald .....	1 533 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	42 000 —
	<hr/>
Samtals	11 916 000 kr.

Alls greiddu 155 einstaklingar tekjuskatt og 199 útsvar.

**Austurland:**

Tekjuskattur .....	24 094 000 kr.
Útsvar .....	9 199 000 —
Sjúkratr.gjald .....	4 970 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	110 000 —
	<hr/>
Samtals	38 373 000 kr.

Alls greiddu 780 einstaklingar barnaskatt á Austfjörðum.

**Norðurland eystra:**

Tekjuskattur .....	40 414 000 kr.
Útsvar .....	15 415 000 —
Sjúkratr.gjald .....	8 258 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	282 000 —
	<hr/>
Samtals	64 369 000 kr.

Alls greiddu 926 einstaklingar tekjuskatt á Norðurlandi eystra, 693 útsvar.

**Norðurland vestra:**

Tekjuskattur .....	16 320 000 kr.
Útsvar .....	6 170 000 —
Sjúkratr.gjald .....	3 338 000 —
Kirkjugarðsgjald .....	58 000 —
	<hr/>
Samtals	25 886 000 kr.

Alls greiddu 264 einstaklingar tekjuskatt í Norðurlandi eystra og 276 útsvar.

Flm. þykir eðlilegt að taka skattlagningu barna vegna tekjuársins 1979 út úr vegna skattkerfisbreytingarinnar, sem nú er að komast í framkvæmd hvað sérsköttunina varðar, þótt staðgreiðslukerfið láti á sér standa. Það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að hraða málinu, svo að börnin viti hvar þau standi varðandi álagninguna í ár. Hér er um réttlætismál að ræða. Tekjuskatturinn hefur farið 1.5 milljarð króna fram úr áætlun, en barnaskattarnir í heild eru liðlega 424 milljónir króna. Fjármálaráðherra hefur því verulegt fé aflögu hvort sem er, þótt hann verji nokkru til þess að koma til móts við börnin og heimilin, eins og hér er lagt til.